

AÐ GEFA
LOKAEINKUNN
Í GRUNNSKÓLA
EFTIR NÝJUM
MATSKVARÐA

BREYTT NÁMSMAT OG NÝR MATSKVARÐI

Þessum leiðbeiningum er ætlað að auðvelda kennurum og skólastjórnendum að gefa einkunnir samkvæmt nýjum matskvarða A-D. Einkunnagjöfin er skýrð með dæmum. Farið er í gegnum þær ákvarðanir sem þurfa að liggja til grundvallar til að réttmæt og áreiðanleg einkunn sé gefin. Meginrök fyrir nýjum einkunnakvarða eru að með nýrri aðalnámskrá er aukin áhersla lögð á hæfni og sett eru fram ný viðmið fyrir námsmat. Í aðalnámskrá grunnskóla er lýst hæfni sem liggur að baki hverri einkunn. Hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni. Mat á hæfni byggir því ekki eingöngu á mati á þekkingu nemandans eða leikni til að framkvæma, heldur getu hans til að skipuleggja, útskýra og nota hugtök um efni viðkomandi námsgreinar eða námssviðs. Er það í samræmi við áherslubreytingar í menntun hér á landi og í nágrannalöndunum. Skólum er nú gert að gefa nemendum einkunnir í bókstöfum í eftirtöldum námssviðum: Íslensku, ensku, stærðfræði, Norðurlandamáli, listgreinum, verkgreinum, náttúrugreinum, skólaíþróttum, samfélagsgreinum og upplýsinga- og tæknimennt.

Í framhaldsskóla raðast námsáfangar í upphafi framhaldsskólanáms ýmist á fyrsta eða annað hæfniprep. Námsmatskvarðinn A-D er skilgreindur þannig að nemandi sem fær B, B+ eða A hefur náð hæfniviðmiðum í 10. bekk. Jafnan er gert ráð fyrir að þeir nemendur sem ná þeim viðmiðum búi yfir hæfni til þess að hefja nám í íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði í framhaldsskóla á öðru hæfniprepi. Skal tekið mið af því við einkunnagjöf við útskrift úr 10. bekk. Þeir nemendur sem fá C+ eða lægri einkunn þurfa að hefja nám á fyrsta hæfniprepi í framhaldsskóla og geta fengið viðeigandi stuðning við nám. Á næstu síðu má sjá skýringarmyndir af hæfniprepi 1 og 2 úr aðalnámskrá framhaldsskóla.

Hæfniprep 1

- Námsbrautir eru að jafnaði skipulagðar sem 30 til 120 fein. og taka yfirleitt 1 til 4 annir. Þær geta þó verið allt að 240 fein og skipulagðar sem 8 annir fyrir nemendur með þroskahömlun.
- Námslok eru til dæmis framhaldsskólapróf og önnur lokapróf.
- Námið felur í sér almenna menntun, þar sem lögð er áhersla á alhliða þroska nemenda og lýðræðislega virkni.
- Námsbraut, sem er skilgreind með námslok á fyrsta hæfniprepi, vinnur að þeim þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum sem talin eru upp hér að neðan. Viðmiðin skulu einnig höfð til hliðsjónar við gerð námsáfanga sem flokkast á fyrsta hæfniprep.

ÞEKING

Nemandi býr yfir:

- fjölbreyttum orðaforða til að geta tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær,
- þekkingu á samfélagslegum gildum, siðgæði, mannréttindum og jafnrétti,
- þekkingu sem tengist því að vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi,
- þekkingu sem tengist íslensku umhverfi í alþjóðlegu samhengi (s.s. menningu, samfélagi, náttúru og sjálfbærni),
- þekkingu sem nýtist til undirbúnings fyrir frekara nám,
- orðaforða til að geta tjáð sig á einfaldan hátt á erlendum tungumálum og innsýn í viðkomandi menningarheima,
- þekkingu og skilning á áhrifum fyrirmýnda og staðalmynda á eigin imynd og lífsstíl.

LEIKNI

Nemandi hefur öðlast leikni til að:

- tjá sig á skýran, ábyrgan og skapandi hátt,
- taka þátt í samræðum, færa rök fyrir máli sínu og virða skoðanir annarra,
- vera verklega sjálfbjarga í daglegu lífi,
- beita skapandi hugsun í öllu starfi,
- vinna á sjálfstæðan, ábyrgan og skapandi hátt undir leiðsögn,
- nýta sér margvíslega tækni í þekkingarleit og miðlun þekkingar á ábyrgan og gagnrýnninn hátt,
- nota fjölbreyttar námsaðferðir,
- umgangast umhverfi sitt með sjálfbærni í huga.

HÆFNI

Nemandi:

- getur tjáð hugsanir sínar og tilfinningar í rökréttu samhengi,
- getur tjáð sig á einfaldan hátt á erlendum tungumálum,
- hefur skýra sjálfsmýnd og gerir sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt,
- getur átt jákvæð og uppbyggileg samskipti og samstarf við annað fólk,
- ber virðingu fyrir lífsgildum, mannréttindum og jafnrétti,
- ber virðingu fyrir náttúru og umhverfi í alþjóðlegu samhengi,
- tekur ábyrga afstöðu til eigin velferðar, líkamlegrar og andlegrar
- hefur tileinkað sér jákvætt viðhorf til náms,
- getur verið virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu nær- og fjærsamfélagi,
- getur tengt þekkingu sína og leikni við daglegt líf, tækni og vísindi.

Hæfniprep 2

- Námsbrautir eru að jafnaði skipulagðar sem 90 til 120 fein. og taka yfirleitt um 3 til 4 annir.
- Námslok eru til dæmis próf til starfsréttinda, framhaldsskólapróf og önnur lokapróf.
- Námið felur í sér undirbúning undir sérhæfð og lögvarin störf og sérhæft aðfaranám.
- Námsbraut, sem er skilgreind með námslok á öðru hæfniprepi, vinnur að þeim þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum sem talin eru upp hér að neðan. Viðmiðin skulu einnig höfð til hliðsjónar við gerð námsáfanga sem flokkast á annað hæfniprep.

ÞEKING

Nemandi býr yfir:

- fjölbreyttum orðaforða til að geta tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær í daglegu lífi og í tengslum við sérþekkingu og/eða starfsgrein,
- þekkingu sem tengist því að vera ábyrgur þátttakandi í atvinnulífinu,
- þekkingu sem tengist umhverfinu og varðar sérþekkingu og/eða starfsgrein,
- þekkingu sem nýtist til undirbúnings fyrir frekara nám,
- orðaforða til að geta tjáð sig á erlendum tungumálum í tengslum við sérþekkingu krefjast hún þess.

LEIKNI

Nemandi hefur öðlast leikni til að:

- tjá sig á skýran, ábyrgan og skapandi hátt um sérhæfða þekkingu sína og/eða starfsgrein,
- skipuleggja einfalt vinnuferli starfsgreinar og/eða sérþekkingar og beita víðeigandi tækni í því sambandi,
- sýna frumkvæði og sjálfstæði í grunnvinnubrögðum sérþekkingar og/eða starfsgreinar,
- taka þátt í samræðum um sérhæfða þekkingu sína og/eða starfsgrein.

HÆFNI

Nemandi:

- getur tjáð skoðanir sínar og skýra verklag tengt skilgreindu starfsumhverfi á ábyrgan, sjálfstæðan og skýran hátt,
- getur tjáð sig á einfaldan og skýran hátt á erlendum tungumálum,
- ber virðingu fyrir grundvallarreglum starfsumhverfis,
- býr yfir ábyrgð gagnvart starfi og starfsumhverfi,
- hefur skýra sjálfsmýnd og gerir sér grein fyrir nýjum tækifærum í umhverfinu,
- getur verið virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi og innan samfélags sérþekkingar og/eða starfsgreinar,
- getur tengt þekkingu sína og leikni við starfsumhverfi og daglegt líf.



MATSKVARÐINN OG HVERNIG GEFA SKAL EINKUNNIR

Í aðalnámsskrá grunnskóla frá 2011 og í bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytis 2014, er kveðið á um nýjan matskvarða. Þar eru skilgreind matsviðmið sem lýsa þeirri hæfni sem liggur að baki hverri einkunn. Mat á hæfni byggir ekki eingöngu á mati á þekkingu nemandans eða leikni til að framkvæma, heldur getu hans til að skipuleggja, útskýra, túlka og nota hugtök um efni viðkomandi námsgreinar eða námssviðs.

Við einkunnagjöf er notaður kvarðinn A, B+, B, C+, C og D.

- A** lýsir framúrskarandi hæfni.
- B** lýsir góðri hæfni.
- C** lýsir sæmilegri hæfni.
- D** hæfni sem ekki nær viðmiðum sem lýst er í C.

Fyrir nemendur sem stunda nám sitt að fullu eða að hluta eftir einstaklingsnámskrá í samræmi við metnar sérþarfir eru einkunnirnar A, B, C eða D stjörnumerktar * og skal gera grein fyrir frávikum frá námskrá í hverju tilviki fyrir sig. Með stjörnumerkingu er enn betur tryggt að nemendur fái námsframboð við hæfi í framhaldsskóla.

NÝR MATSSKVARÐI

Matsviðmiðin byggja á hæfniviðmiðum námsgreina og eru kjarni nýs einkunnakvarða. Með matsviðmiðum fæst leiðsögn fyrir kennara, nemendur og foreldra um hvaða hæfni nemenda liggur að baki hverrar einkunnar. Kvarðanum er ætlað að draga úr mismun er varðar einkunnagjöf á milli einstakra skóla. Einkunnakvarðinn er viðmiðabundinn og ætti því ekki að reikna út meðaltal einkunna, nota hlutfall eða varpa tölum í bókstafi.

Einkunnunum B+ og C+ var bætt við námsmatskvarðann árið 2014 í samræmi við ákvörðun mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Nemandi sem hefur náð meginþorra matsviðmiða B og hluta matsviðmiða A getur fengið einkunnina B+. Það sama gildir um C+ þ.e. nemandi sem náð hefur meginþorra matsviðmiða C og hluta matsviðmiða B getur fengið C+. Nemandi sem fær einkunnina B+ er því nær nemanda í hæfni sem fær einkunnina A en þeim sem fær einkunnina B. Á sama hátt er nemandi sem fær einkunnina C+ nær nemanda í hæfni sem fær einkunnina B en nemanda sem fær einkunnina C.

SKÓLAR OG KENNARAR
HAFA ÚTBÚÐ SÍN EIGIN
MATSKERFI OG EINNIG ERU
FÁANLEG TILBÚIN KERFI
FRÁ NÁMFÚS OG MENTOR
SEM ERU FLESTUM SKÓLUM
KUNN.

Bekkur

108

Námssvið

Samfélagsgreinar

C - hæfni

Sæmleg hæfni og frammistaða í námi

B - hæfni

Góð hæfni og frammistaða í námi

A - hæfni

Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi

Nemandi getur sýnt fram á **sæmlegan** skilning á eðli sjálfbærar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.

02

Nemandi getur sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.

02

Verkefni

Vel á leið Markmiði náð

Nemandi getur sýnt fram á **mjög góðan** skilning á eðli sjálfbærar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.

11

Ad vissu marki aflað sér greint og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni sem birtast í munniegum futningi, samræðum, texta og mismunandi miðlum.

01

Á skipulegan og sjálfstæðan hátt aflað sér, hagnýtt og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni sem birtast í munniegum futningi, samræðum, texta og mismunandi miðlum.

01

Á skipulegan, sjálfstæðan og gagnrýnninn hátt aflað sér, hagnýtt og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni sem birtast í munniegum futningi, samræðum, texta og mismunandi miðlum.

00

Hæfniviðmið

[illegible]

Þetta er hæfnin
sem ég á að kenna

- Hæfniviðmið
- Matsviðmið

[illegible]

Matsviõmiõ

Mattv 6:1

Nemandi gætur flutt með allt óþjétt og þeygilegt með bláströngum og áberum sem harla ófni og óþétt. Hústad og nýtt sér appalljar í töluðu, mátt í föðuké, skemmtunar og einu, tónlist og selt frætt á **válfæðingar** hafi **rékist** met á viðkomandi einu.

Mattv 6:2

Leidd og þjétt af og **örugg** álmennta tætt, með **mjög** göðum skeningi og tókun á einu þessu, fjáðum um blensni og óbernd bökkennir á **gægrinn** hilt og gert sé **göla** grein fyrir göð bökkennir í menningu göðmenn.

Mattv 6:3

Besti **skálagjarn** og **mjög** göðum vinnubúðum við sturt, skáð **éfnahútt** í samhengi og **mjög** málagnara og efnahagsar á **sjáran** hilt. Besti stafræningi og greinarmeningarnir af **örugg** og **fátt** mjög við viðkomu um uppbyggjuna tætt.

Mattv 6:4

Besti **mjög** göðum af og **örugg** málagnahúttum um **örugg** um notkun málagna og þjétt **örugg** þekkingu áttu á beryngjarnir og menningarnir einumstítt **örugg** og gert sé **mjög** göla grein fyrir hlutverk þess.

Mattv 6:5

Nemandi gætur flutt með allt óþjétt og þeygilegt með bláströngum og áberum sem harla ófni og óþétt. Hústad og nýtt sér appalljar í töluðu, mátt í föðuké, skemmtunar og einu, tónlist og selt frætt á **válfæðingar** hafi **rékist** met á viðkomandi einu.

Mattv 6:6

Leidd og þjétt tætt, með **göðum** skeningi og tókun á einu þessu, fjáðum um blensni og óbernd bökkennir og gert sé **göla** grein fyrir göð bökkennir í menningu göðmenn.

Mattv 6:7

Besti **skálagjarn** og **mjög** göðum vinnubúðum við sturt, skáð **éfnahútt** í samhengi og **mjög** málagnara og efnahagsar á **sjáran** hilt. Besti stafræningi og greinarmeningarnir af **nokkur** **örugg** og **fátt** við viðkomu um uppbyggjuna tætt.

Mattv 6:8

Besti málagnahúttum um **örugg** um notkun málagna og þjétt þess, og besti af **nokkur** **örugg** þekkingu áttu á beryngjarnir og menningarnir einumstítt **örugg** og gert sé **göla** grein fyrir hlutverk þess.

Hversu vel hefur
nemandinn hæfnina
á valdi sínu

NEMENDUR OG EINKUNNAGJÖF

Mikilvægt er að nemendur og foreldrar/forráðamenn viti hvaða forsendur liggja að baki einkunnagjöf og skilji þær. Til að svo megi verða þarf kennarinn að kynna þær forsendur sem matið byggir á með skýrum hætti og hafa viðmið um námsmat aðgengilegt bæði fyrir nemendur og foreldra. Skólar þurfa að geta rökstutt þær forsendur sem liggja að baki einkunnagjöf.

HEILDRÆNT MAT SEM TEKUR TILLIT TIL MARGRA ÞÁTTA

Mat á námi byggir á mörgum ólíkum þáttum því nemendur sýna hæfni sína með ólíkum hætti við ólíkar aðstæður. Matið getur til dæmis byggst á þátttöku í umræðum í bekknum, hlutverkaleikjum, þátttöku í tilraunum og frammistöðu á skriflegum, verklegum og munnlegum prófum. Við einkunnagjöf þarf kennarinn að nýta sér allar þær upplýsingar sem hann hefur aðgang að um nám nemandans á sem breiðustum grunni í samræmi við matsviðmið aðalnámskrár.



Matsviðmið fyrir stærðfræði við lok grunnskóla samkvæmt aðalnámskrá.

A

Nemandi getur tjáð sig á **skýran** og **fjölbreyttan** hátt um stærðfræðileg efni og um veruleikann með tungumáli stærðfræðinnar. Útskýrt hugsun sína fyrir öðrum á **greinagóðan** hátt, leitað lausna og sett viðfangsefni fram á **fjölbreyttan** og **nákvæman** stærðfræðilegan hátt með því að beita skapandi hugsun, iðgrundun og röksemdafærslu. Sett fram, greint, túlkað og metið stærðfræðileg líkön af öryggi á **gagnrýnninn** og **skýran** hátt.

Notað af **öryggi** hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa hversdagsleg og fræðileg verkefni og rætt **gagnrýnið** um lausnir, valið og nýtt ólík hjálpatæki til stærðfræðilegra verka, þar með talin tölvutækni.

Unnið **sjálfstætt** og **skipulega** við að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur, finna lausnir og alhæfa um hvers kyns viðfangsefni með hjálp stærðfræðinnar. Lesið og lagt **gagnrýnið** mat á stærðfræðitexta. Valið og notað viðeigandi verkfæri, s.s. tölvur og kynnt niðurstöður sínar á **skýran** og **greinagóðan** hátt.

Notað rauntölur og reiknað af **öryggi** með ræðum tölum, greint af öryggi samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum. Verið **leiðandi** í að þróa lausnaleyðir, nýtt sér samhengi og tengsl reikniðgerðanna og notað þá þekkingu af **sveigjanleika** við útreikninga og mat á þeim.

Rannsakað **skipulega** mynstur og **alhæft** um þau, leyst jöfnur af **öryggi**, notað breytistærðir á **sveigjanlegan** hátt og lýst sambandi þeirra með stæðum og föllum.

Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar af **öryggi** og á **fjölbreyttan** hátt. Nýtt einslögun, hornareglur og hnitakerfi til að teikna, greina og skapa rúmfræðilega hluti. Sett fram **nákvæm** rúmfræðileg rök, mælt og reiknað lengd, flöt og rými af **öryggi** og nýtt tölvur til þessara hluta.

Notað tölfraðihugtök af **öryggi** við að skipuleggja, framkvæma og túlka tölfraðirannsóknir. Framkvæmt og dregið ályktanir á **sjálfstæðan** og **gagnrýnninn** hátt af tilraunum, þar sem líkur og tilviljun koma við sögu. Notað líkindahugtök og talningar af **öryggi** til að reikna og túlka líkur á atburðum.

C

Nemandi getur tjáð sig að **nokkuð vel** um stærðfræðileg efni og um veruleikann með tungumáli stærðfræðinnar. Útskýrt hugsun sína fyrir öðrum, leitað lausna og sett stærðfræðileg viðfangsefni fram, með því að beita skapandi hugsun, iðgrundun og einfaldri röksemdafærslu. Fylgt og sett fram, greint, túlkað og metið stærðfræðileg líkön á einfaldan hátt.

Notað að **vissu marki** hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa einföld hversdagsleg verkefni og rætt um lausnir og nýtt ólík hjálpatæki til stærðfræðilegra verka, þ.m.t. tölvutækni.

Getur að vissu marki unnið að því að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur og finna lausnir með hjálp stærðfræðinnar. Lesið og lagt að **vissu marki** mat á stærðfræðitexta, notað verkfæri s.s. tölvur og kynnt niðurstöður sínar á **viðeigandi hátt**.

Notað rauntölur og reiknað með ræðum tölum, skráð svör sín með tugakerfisrithætti og tekið þátt í að þróa eigin lausnaleyðir. Nýtt sér samhengi og tengsl reikniðgerðanna og notað algengar reiknireglur.

Rannsakað mynstur, leyst **einfaldar** jöfnur, reiknað með breytistærðum og notað reglur algebrunnar við reikning.

Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar á **að vissu marki**. Nýtt einslögun, hornareglur og hnitakerfi til að teikna, greina og skapa rúmfræðilega hluti. Sett fram **einföld** rúmfræðileg rök **undir leiðsögn**, mælt og reiknað lengd, flöt og rými og nýtt tölvur til þessara hluta.

Notað tölfraðihugtök við að skipuleggja, framkvæma og túlka tölfraðirannsóknir undir **leiðsögn**. Framkvæmt og dregið ályktanir af tilraunum, þar sem líkur og tilviljun koma við sögu. Notað **einföld** líkindahugtök og talningar til að reikna og túlka líkur á atburðum.

B

Nemandi getur tjáð sig á **skýran** hátt um stærðfræðileg efni og um veruleikann með tungumáli stærðfræðinnar. Útskýrt hugsun sína fyrir öðrum, leitað lausna og sett viðfangsefni fram á **fjölbreyttan** stærðfræðilegan hátt, með því að beita skapandi hugsun, iðgrundun og röksemdafærslu. Sett fram, greint, túlkað og metið stærðfræðileg líkön á **skýran** hátt.

Notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa hversdagsleg og fræðileg verkefni og rætt um lausnir og nýtt ólík hjálpatæki til stærðfræðilegra verka, þ.m.t. tölvutækni.

Unnið **skipulega** að því að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur, finna lausnir og alhæfa um hvers kyns viðfangsefni með hjálp stærðfræðinnar. Lesið og lagt mat á stærðfræðitexta, notað viðeigandi verkfæri s.s. tölvur og kynnt niðurstöður sínar á **skýran** hátt.

Notað rauntölur og reiknað með ræðum tölum, **greint** samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum. Tekið þátt í að þróa eigin lausnaleyðir, nýtt sér samhengi og tengsl reikniðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim.

Rannsakað mynstur og alhæft um þau, leyst jöfnur, notað breytistærðir og lýst sambandi þeirra með stæðum og föllum.

Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar á **fjölbreyttan** hátt. Nýtt einslögun, hornareglur og hnitakerfi til að teikna, greina og skapa rúmfræðilega hluti. Sett fram **einföld** rúmfræðileg rök, mælt og reiknað lengd, flöt og rými og nýtt tölvur til þessara hluta.

Notað tölfraðihugtök til að skipuleggja, framkvæma og túlka tölfraðirannsóknir. Framkvæmt og dregið ályktanir af tilraunum, þar sem líkur og tilviljun koma við sögu. Notað líkindahugtök og talningar til að reikna og túlka líkur á atburðum.

AD GEFA EINKUNN

Í aðalnámskrá grunnskóla eru birt samræmd mats- og hæfniviðmið við lok 10. bekkjar sem eru lögð til grundvallar fyrir kennara við val á kennsluaðferðum, námsefni og matsaðferðum í einstökum námsgreinum eða sviðum. Þetta þýðir að skólar geta útfært námsmat á mismunandi hátt og skipt viðmiðunum á árganga. Skólar skulu taka mið af sömu hæfni- og matsviðmiðum samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla.

- Einfaldast er að hugsa einkunnirnar A, B, C og D sem hæfnistig sem krefjast sífelld flóknari hæfni innan sömu námsgreinar. Stigið sem lýsir einkunninni C er að nemandi geti að vissu marki tileinkað sér, að nokkru leyti rökstutt og hafi sæmilegan skilning. Aftur á móti sýnir nemandi með

einkunnina A afbragðs hæfni byggða á mjög góðum skilningi, sjálfstæði, gagnrýni, skipulagningu og rökstuðningi. Við ákvörðun um einkunn skal kennari líta á matsviðmið í heild sinni og meta hvaða matsviðmiðalýsing á best við nemandann, þ.e.a.s. á hvaða hæfnistigi nemandinn er samkvæmt fjölbreyttum gögnum sem kennarinn hefur aflað sér um nemandann.


- Matsviðmið eru gerð úr mörgum þáttum sem þarf að meta en þegar lokaeinkunnin er gefin skal horft á matsviðmiðið í heild. Hver þáttur matsviðmiðs getur vegið mismikið við ákvörðun um endanlega einkunn.
- Gera skal heildrænt mat á hæfni nemandans og gefa honum einkunn samkvæmt því.

Matsviðmið við lok 10. bekkjar í íslensku		
C	B	A
Nemandi getur flutt mál sitt sæmilega skýrt og nokkuð áheyrilega, með áherslum sem hæfa efni og tilefni.	Nemandi getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með blæbrigðum og áherslum sem hæfa efni og tilefni.	Nemandi getur flutt mál sitt mjög skýrt og áheyrilega með blæbrigðum og áherslum sem hæfa efni og tilefni.
Hlustað og nýtt sér að nokkru leyti upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu.	Hlustað og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu.	Hlustað af athygli og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu.
Getur notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram sæmilegt mat á viðkomandi efni.	Getur notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram rökstutt mat á viðkomandi efni.	Getur notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram á sjálfstæðan hátt rökstutt mat á viðkomandi efni.
Lesið almenna texta, með sæmilegum skilningi og túlkun á efni þeirra.	Lesið almenna texta, með góðum skilningi og túlkun á efni þeirra.	Lesið mjög vel og af öryggi almenna texta, með mjög góðum skilningi og túlkun á efni þeirra.
Fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.	Fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér góða grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.	Fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir á gagnrýnninn hátt og gert sér góða grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.
Beitt að vissu marki góðum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.	Beitt skipulegum og góðum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar á skýran hátt.	Beitt skipulegum og mjög góðum vinnubrögðum viðritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar af öryggi og á skýran hátt.
Beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu sæmilega og fylgt viðmiðum um uppbyggingu texta.	Beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu af nokkru öryggi og fylgt vel viðmiðum um uppbyggingu texta.	Beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu af öryggi og fylgt mjög vel viðmiðum um uppbyggingu texta.
Beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins.	Beitt málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.	Beitt mjög vel og af öryggi málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.
Beitt að nokkru leyti þekkingu sinni á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér sæmilega grein fyrir hlutverki þeirra.	Beitt af nokkru öryggi þekkingu sinni á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér góða grein fyrir hlutverki þeirra.	Beitt þekkingu sinni á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér mjög góða grein fyrir hlutverki þeirra.

Hæfniviðmið og matsviðmið eiga að liggja til grundvallar þegar verkefni vetrarins eru skipulögð. Þegar lokaeinkunn er gefin fer kennarinn fyrst yfir þau verkefni og þær upplýsingar sem hann hefur um nám nemandans og hæfni. Kennari hefur val um með hvaða hætti hann metur fyrirbyggjandi gögn en þarf að gæta þess að hann þarf að

geta metið hæfni nemandans í öllum þáttum hvers matsviðmiðs. Æskilegt er að nemandinn hafi sýnt hæfni sína gagnvart tilteknum þætti hvers matsviðmiðs á mismunandi hátt í ýmsum aðstæðum þannig að kennarinn hafi góðar forsendur til að meta hæfni nemandans og geti rökstutt að matið sé áreiðanlegt og réttmætt.

Horfum á unglingastigið sem eina heild frá 8. - 10. bekkjar. Gert er ráð fyrir ákveðnum stíganda í námi nemenda á unglingastigi eins og lýst er á myndinni hér fyrir neðan. Byrjum strax að stefna á matsviðmiðin í 10. bekk þegar komið er upp á unglingastig.



Nemandi missir að öllu jöfnu ekki hæfni og ætti því að fara upp á við. Nemandi þarf að sýna örugga hæfni og auka hana á námstímanum.

Hér fyrir neðan er gerð tillaga um að nýta skráningarblað til að auðvelda kennurum að fá heildræna sýn yfir það á hvaða stigi A, B, C eða D hæfni nemandans liggur. Á skráningarblaðinu er hverju matsviðmiði skipt niður í einstaka þætti sem eru metnir hver fyrir sig. Á þessu stigi ferlisins liggur lokaekunn ekki fyrir, einungis er búið að meta hæfni nemandans á hverju matsviðmiði fyrir sig. Eftir að skráningarblað er útfyllt fer fram mat á því hvaða hæfnistig á best við um viðkomandi nemanda.

NOTKUN SKRÁNINGARBLAÐS VIÐ MAT Á LOKAEINKUNN

ÍSLENSKA 8.-10. BEKKUR		
Framvinda með hliðsjón af hæfniviðmiðum í íslensku	Námsmat með hliðsjón af matsviðmiðum aðalnámskár	
☐	☐	
Matsviðmiði aðalnámskrár		
Matsviðmiði segja til um hversu vel nemandi hefur viðkomandi hæfni á valdi sínu		
C - hæfni Sæmileg hæfni og frammistaða í námi	B - hæfni Góð hæfni og frammistaða í námi	A - hæfni Frammúrskarandi hæfni og frammistaða í námi
Nemandi getur flutt mál sitt sæmilega skýrt og nokkuð áheyrilega, með áherslum sem hæfa efni og tilefni.	Nemandi getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með blæbrigðum og áherslum sem hæfa efni og tilefni.	Nemandi getur flutt mál sitt mjög skýrt og áheyrilega með blæbrigðum og áherslum sem hæfa efni og tilefni.
☐	☐	☐
Matsviðmiði		
Hlustað og nýtt sér að nokkru leyti upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu.	Hlustað og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu.	Hlustað af athygli og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu.
☐	☐	☐
Matsviðmiði		
Getur notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram sæmilegt mat á viðkomandi efni.	Getur notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram rökstutt mat á viðkomandi efni.	Getur notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram á sjálfstæðan hátt rökstutt mat á viðkomandi efni.
☐	☐	☐
Matsviðmiði		
Lesið almenna texta, með sæmilegum skilningi og túlkun á efni þeirra.	Lesið almenna texta, með góðum skilningi og túlkun á efni þeirra.	Lesið mjög vel og af öryggi almenna texta, með mjög góðum skilningi og túlkun á efni þeirra.
☐	☐	☐
Matsviðmiði		
Fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.	Fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér góða grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.	Fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir á gagnrýnn hátt og gert sér góða grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.
☐	☐	☐
Matsviðmiði		

Eftir að búið er að skyggja reiti á skráningarblaði matsviðmiða metur kennarinn hæfni nemandans heildrænt. Í einhverjum tilvikum liggur lokaekunn nemandans fyrir á þessu stigi. Kennarinn getur þá gefið nemandanum einkunn A, B, C eða D, allt eftir því hvernig hæfni hans kemur fram á skráningarblaði.

Í þeim tilvikum þar sem nemandi nær ekki matsviðmiðum fyrir einkunnina C gefur kennari einkunnina D og greinir í þeim tilvikum frá því hvaða hæfni sé að baki einkunninni á viðeigandi stað á útskriftarskírteini.

Liggi niðurstaða ekki ljós fyrir á þessu stigi þarf kennarinn að taka faglega afstöðu til þess hvort til greina komi að gefa nemanda einkunnina C+ eða B+. Þær einkunnir skal gefa þegar nemandinn hefur náð hluta matsviðmiða bókstafsins fyrir ofan en ekki nægilega mörgum til að hægt sé að gefa einkunnina A eða B.

Á þessu stigi málsins þarf því að vega mikilvægi einstakra þátta viðkomandi matsviðmiðs þar sem vægi þeirra er misjafnt í lokamatinu. Margt þarf að hafa í huga þegar tekin er afstaða til vægis hvers einstaks þáttar matsviðmiða. Matsviðmið sem mörg verkefni

